

Atvinnuveganefnd,
Alþingi.

Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 17. febrúar 2021.

Málsnúmer: 190906-0013

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006 (minnihlutavernd o.fl.)

Með tölvupósti, dags. 26. janúar 2021, óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn Landssambands veiðifélaga (hér eftir LV) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Frumvarp sem stefndi að sama markmiði með öðrum leiðum var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en það náði ekki fram að ganga. Landssamband veiðifélaga veitti umsögn um þingmálið með bréfi, dags. 9. febrúar 2021.

Í ljósi þess að ráðherra skipaði nýverið í matsnefnd á grundvelli núgildandi 44. gr. laga um lax- og silungsveiði gerði Landssamband veiðifélaga ráð fyrir að horfið hefði verið frá þeim hugmyndum um breytingu á tilnefningum í nefndina sem birtast í 3. gr. frumvarpsins. Landssamband veiðifélag áskildi sér rétt til þess að koma á framfæri athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins ef ekki hefði verið horfið frá hugmyndunum.

Síðar hefur komið í ljós að enn stendur til að gera breytingar á 44. gr. laga um lax- og silungsveiði. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Landssamband veiðifélaga hefur aflað stendur til að skipunartími hinnar nýskipuðu nefndar, sem skipuð var á grundvelli núgildandi laga, verði fjögur ár eins og kveðið er á um í lögnum. Að breyting sú sem birtist í frumvarpinu taki gildi að þeim tíma liðnum.

Tillögu um breytingu á tilnefningum í matsnefnd er harðlega mótmælt. Landssamband veiðifélaga hefur áður mótmælt þessum hugmyndum, sbr. bréf til atvinnuveganefndar, dags. 6. nóvember 2019, vegna 251. máls á 150. löggjafarþingi. Þá hefur Landssamband veiðifélaga jafnframt mótmælt hugmyndunum með bréfum og tölvubréfum til

Með frumvarpinu er lagt til að breyting verði gerð á skipan arðskrárnefndar og vísað í álit starfshópar sem skipaður var af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra árið 2015. Lagt er til að felld verði brott ákvæði um að tveir fulltrúar í nefndinni skuli uppfylla almenn hæfisskilyrði héraðsdómara og jafnframt að Hæstiréttur tilnefni einn fulltrúa í nefndinni. Í staðinn skipi ráðherra skipa einn fulltrúa án tilnefningar og einn samkvæmt ábendingu Hafrannsóknarstofnunar. Með þessari breytingu sé horft til þess að aukin áhersla verði á að skipa í nefndina fulltrúa með sérþekkingu eða reynslu af veiðimálum eða líffræði vatnafiska. LV fær ekki séð hvers vegna er sérstök þörf á því að skipa í nefndina fulltrúa með sérþekkingu

á líffræði vatnafiska. Þvert á móti telur LV æskilegt að í nefndinni eigi áfram sæti menn sem uppfylla almenn hæfisskilyrði héraðsdómara til þess að tryggja rétta og faglega málsmeðferð. Auk þess að gera arðskrá er hægt að skjóta mörgum lögfræðilegum álitafnum til matsnefndar. Eftir því sem eignarhald jarða með veiðirétti verður fjölbreyttara má reikna með að slíkum málum geti fjölgað verulega á næstu árum. Þá getur reynt í auknum mæli á hæfi matsnefndar að taka á lögfræðilegum úrlausnarefnum. Verkefni nefndarinnar eru að miklu leyti lögfræðilegs eðlis og mikilvægt er að hún sé að meirihluta skipuð vönum lögfræðingum. Þessi nefnd þarf líka að rita úrskurði sem er helst á færi löglærðra. Jafnvel er mikilvægara nú en áður að nefndarmenn séu löglærðir í ljósi þess að hægt verður að bera ágreining um nýjar 3. og 4. mgr. 40. gr. laganna undir nefndina. Bent er á að nefndinni er skv. nógildandi reglum heimilt að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar ef þörf þykir.

Í athugasemdum með frumvarpinu er fjallað um að efla þurfi fiskifræðilega aðkomu að matsgerðum og látið að því liggja að vægi búsvæða skuli aukið. Um þau rök eru mjög skiptar skoðanir milli veiðiréttareigenda eins og sjá má ef skoðaðar eru kröfur einstakra veiðiréttareigenda vegna úrskurða um arðskrár undanfarin ár. Nær undantekningalaust hefur einingum verið skipt milli veiðiréttareigenda í samræmi við það sem fram kemur í búsvæðamötum frá fiskifræðingum. Þó skal bent á að vægi búsvæða í Núpsá var aukið frá álitu fiskifræðinga þegar Miðfjarðará var síðast metin. Þetta var á kostnað Vesturár, Austurár og sjálfrar aðalárinnar eftir að allar upprunaárnar voru saman komnar. Þetta var gert þar sem ljóst var að Núpsá var heitari og fósraði seiði betur. Búsvæðamat tekur eingöngu til botngerðar, en ekkert til annarra skilyrða í ánum. Eðlilegra væri að fiskifræðingar kæmu sér upp aðferðum til að taka hitastig og fæðumöguleika inn í sín búsvæðamöt og leggja slík fræði til úrlausnar matsmanna. Það hafa fiskifræðingar ekki gert og styðjast eingöngu við botngerð í búsvæðamötum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra skipi einn fulltrúa samkvæmt ábendingu Hafrannsóknarstofnunar. Í flestum málum sem koma á borð arðskrárnefndar liggur fyrir búsvæðamat sem oft er unnið af Hafrannsóknarstofnun. Kemur þá til kasta fulltrúa að taka afstöðu til búsvæðamats sem unnið er af sömu stofnun og tilnefnir hann. Afstaða nefndarmanna til búsvæðamatsins getur haft verulega þýðingu fyrir arðskrármatið og færa mætti fyrir því rök að fulltrúi sem tilnefndur er af Hafrannsóknarstofnun væri vanhæfur til þess að fjalla um búsvæðamat unnið af sömu stofnun og meta vægi þess.

Þá er bent á að matsnefndin fer einnig með önnur verkefni samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði. Í flestum tilfellum eru slíkar ákvarðanir teknar eftir umsögn frá Hafrannsóknarstofnun. Hér má benda á 24., 29., 34. og 35. gr. laganna. Færa má rök fyrir því að fulltrúi Hafrannsóknarstofnunar væri vanhæfur til þess að fjalla um þessi mál.

Landssamband veiðifélaga hefur ekki óskað eftir breytingum á tilnefningum í matsnefnd og óljóst hver hefur gert það og af hvaða ástæðu. Um nánari skýringar á þessari breytingu er vísað í þskj. 272 á 150. löggjafarþingi. Í þingskjalinu segir að með þessari breytingu sé verið að bregðast við áskorun sem komi fram í greinargerð starfshóps um arðskrár veiðifélaga frá árinu 2015. Í þessari greinargerð er ekki að finna neina áskorun heldur segir þar orðrétt: „*Athygli*


vekur að engar kröfur eru gerðar til fiskifræðilegrar þekkingar eða reynslu matsmanna, enda þótt verulegur hluti matsefna varði það fræðasvið. Þá má einnig velta því fyrir sér hvort rétt sé að landeigendur eigi fulltrúa í nefndinni. Starfshópurinn telur rétt að kröfur um sérþekkingu matsmanna verði skoðaðar og lögum mögulega breytt.” Í þessari greinargerð er að finna vangaveltur um ýmis atriði sem tengjast samsetningu nefndarinnar. Það er beinlínis rangt að hún geymi einhverja áskorun. Landssamband veiðifélaga átti fulltrúa í þessum starfshópi og ætlast til þess að ef halda á áfram með skoðun á þessu máli að Landssambandið fái eðlilega aðkomu að slíkri vinnu. Landssambandið er reiðubúið til þess að eiga slíkt samtal og þar sem ráðherra hefur nýverið skipað í nefndina til fjögurra ára mun gefast rúmur tími til þess.

Með vísan til ofangreinds leggur Landssamband veiðifélag til að horfið verði frá fyrirhuguðum breytingum á skipan í matsnefnd skv. 44. gr. laga um lax- og silungsveiði.

*

Við þetta er að bæta að Landssamband veiðifélaga hvetur atvinnuveganefnd til þess að huga vandlega að þeim hugmyndum um aukna minnihlutavernd í veiðifélögum sem birtast í frumvarpinu og hvaða afleiðingar þær gætu haft t.a.m. á skylduaðild að veiðifélögum. Landssamband veiðifélaga hefur með fjölmörgum umsögnum lýst efasemdum um nauðsyn þess að auka minnihlutavernd í veiðifélögum umfram það sem núgildandi lög um lax- og silungsveiði gera ráð fyrir og bent á vankanta sem hugmyndum af þessu tagi kunna að fylgja. Ósk um breytingar í þessa veru er ekki komin frá Landssambandi veiðifélaga sem ekki er kunnugt um að sérstök vandamál hafi komið upp í tengslum við annars vegar friðun veiðisvæða af öðrum ástæðum en líffræðilegum og hins vegar misbeitingu meginreglunnar um meirihlutaræði.

Virðingarfyllst,



Elías Blöndal Guðjónsson,
framkvæmdastjóri.